

Ed.

386. Frumvarp til laga

[183. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson,
Stefán Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum að iðngreinum meðtöldum.

2. gr.

Fyrri mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög. Um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar skal þá fara eftir samningi, sem gerður er milli menntamálaráðuneytisins og mótaðila, og skal við gerð hans tekið mið af gildandi lögum um það nám (námsbrautir), sem í boði verður innan skólans samkvæmt áætlun sem ráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. sbr. 2. gr. er lagt til að menntamálaráðuneytinu verði heimilað að taka upp samninga við önnur sveitarfélög um stofnun fjölbrautaskóla á grundvelli annarrar kostnaðarskiptingar en þeirrar sem skv. lögnum gildir um fjölbrautaskóla í Reykjavík.

Það er álit flm. að óráðlegt sé að binda þessa heimild við fasta hundraðshluta-skiptingu. Því er lagt til að í samningum um kostnaðarskiptingu verði tekið tillit til þess hvaða námsbrautir er fyrirhugað að starfrækja í hlutaðeigandi skóla og hvaða lög gilda um nám það sem í boði verður við skólann.

Þá er með frv. (sbr. niðurlag 1. gr.) lagt til að tekin verði af öll tvímæli um stöðu iðnnáms í fjölbrautaskóla. Flm. telja að iðnnám með fjölbrautasniði sé æskilegasta skipulagsform þessa náms í framhaldsskólum, ekki síst í strjálbýli.